

**Sþ. 295. Tillaga til þingsályktunar**

um söltun matjessildar við Húnaflóa og Skagafjörð.

Flm.: Jón Pálmason, Steingrímur Steinþórsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um, að matjessildar-söltun verði á þessu ári og framvegis leyfð á sildarsöltunarstöðvunum við Húnaflóa og Skagafjörð í réttu hlutfalli við það, sem gerist á öðrum sildarstöðvum.

**Greinargerð.**

Undanfarin sumur hefir sildarútvegsnefnd neitað að leyfa söltun matjessildar á söltunarstöðvunum við Húnaflóa og Skagafjörð. Bann þetta hefir haft í för með sér mikið tjón fyrir saltendur og verkafólk á umræddum stöðum, og teljum við flutningsmenn, að brýn þörf sé á, að því sé af létt.

Afrit af bréfi frá sildarsaltendum á svæðinu fylgir hér með.  
Nánar í framsögu.

**Fylgiskjal.**

Vér undirritaðir sildarsaltendur við Skagafjörð og Húnaflóa leyfum oss hér með að skora á þingmenn, og sérstaklega þingmenn viðkomandi kjördæma og sjáv-arútvegsnefnd, að flytja og beita sér fyrir að fá samþykkt á þessu yfirstandandi þingi þingsályktunartillögu, sem feli í sér, að oss verði leyft af sildarútvegsnefnd að:

1. Salta „matjessild“ þegar í sumar til jafns við sildarsaltendur á Siglufirði og við Eyjafjörð, með óskornum rétti.
2. Tilhöggun við afskipun „matjessildarinnar“ frá stöðvum utan Eyjafjarðar og Siglufjarðar sé hagað eftir staðháttum og liggja a. m. k. ekki lengur óafskipuð en þar, þannig að oss séu veitt jöfn afskipunarskilyrði.
3. Til vara, ef „matjessildarsöltun“ ekki verði leyfð, að oss verði veitt leyfi til að salta þeim mun meira af annari sild, saltsild, kryddsild og sérverkaðri sild,

sem svarar til „matjessildarmagns“ eystri stöðvanna, og að samningaskip vor verði ekki neydd með ákvæðum sildarútvegsnefndar til að salta vissan hluta aflans á Siglufirði eða Eyjafirði, eins og verið hefir, en það fyrirkomulag verður í framkvæmd sama sem að skipin geta heldur ekki lagt aðra sild á land til söltunar á öðrum stöðum en þar; enginn getur saltað aðra tunnuna vestur við Húnaflóa og hina austur á Siglufirði eða Eyjafirði.

Vér höfum komizt að raun um, að á bak við þessa ósk vora hvílir eindreginn vilji héraðsstjórna og verkafólks á viðkomandi stöðum.

Þetta bann sildarútvegsnefndar um „matjessöltun“ á sildarstöðvunum við Húnaflóa og Skagafjörð sviptir mörg hundruð verkamanna og kvenna atvinnu og leiðir einnig til þess, að ekki verður mögulegt að leigja eða arðnýta þessi mannvirki til sildarsöltunar, og ætti það með öllu að geta verið fyrirbyggt í lýðfrjálsu landi, að viss héruð séu sett í atvinnubann, ekki sít vegna þess, að töluverður hluti sumra stöðvanna er eign héraðanna með bakábyrgð ríkisins og hefir kostað of fjár, sem aukið er við á hverju ári.

Þar að auki eru skilyrði fyrir góðri vöru og fjölhreyttri hvergi betri en einmitt á þessum stöðum.

Reykjavík, 9. apríl 1938.

Virðingarfyllst

pr. Söltunarstöð Ólafs A. Guðmundssonar, Ingólfsfirði,  
Ólafur A. Guðmundsson.

F. h. Egils Ragnars, Ingólfsfirði,  
Lárus Jóhannesson,  
sankvæmt simaumboði.

F. h. Söltunarstöðvarinnar á Hólmavík,  
Gísli Vilhjálmsson, Jón Sveinsson, Jón Guðmundsson.

F. h. Söltunarstöðvarinnar á Skagaströnd,  
Gísli Vilhjálmsson, Sigurjón Ólafsson.

F. h. Söltunarstöðvarinnar á Sauðárkróki,  
Gísli Vilhjálmsson, Karvel Jónsson.

F. h. h.f. Djúpavík,  
Ólafur H. Jónsson

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis.